



Viðreisn - stjórnálasamtök

Ársreikningur 2022

Viðreisn - stjórnálasamtök
Kt. 440816-0530
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13
Styrkir lögaðila	14
Styrkir einstaklinga	15

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Það voru sveitarstjórnarkosningar þann 14. maí 2022. Viðreisn bauð fram í eigin nafni í Reykjavík, í Kópavogi, í Hafnarfirði, í Garðabæ og í Mosfellsbæ. Í hverju sveitarfélagi fékk Viðreisn einn kjörinn sveitarstjórnarfulltrúa og er nú í meirihluta í Reykjavík og í Mosfellsbæ. Einnig tók Viðreisn þátt í sameiginlegum framboðum í Árborg með Áfram Árborg, á Seltjarnarnesi með Framtíðinni, í Borgarbyggð með Samfylkingu og Viðreisn, í Reykjanesbæ með Beinni leið og Ísafirði með Í-listanum. Þá átti Viðreisn einnig fulltrúa á Þ-listanum í Kjós.

Í upphafi árs 2022 var eigið fé Viðreisnar neikvætt um tæpar 35 milljónir eftir Alþingiskosningar 2021 sem hafði, auk sveitarstjórnarkosninganna, veruleg áhrif á rekstur flokksins. Í upphafi árs 2023 höfðu yfirdráttarheimildir og skammtímaskuldir verið greiddar og er Viðreisn nú að safna í sjóði.

Starfsmenn Viðreisnar voru tveir framan af ári en fækkaði um einn um mitt ár 2022, þegar að framkvæmdastjóri Viðreisnar lét af störfum og nýr framkvæmdastjóri tók við.

Viðreisnarfélög sem tekin eru með í samstæðuna fyrir árið 2022 eru félögin í Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjavík, Garðabæ, á Seltjarnarnesi og Uppreisn. Umsvif félaga á Akureyri, Reykjanesbæ og Rangarþingi ytra voru undir viðmiðunarmörkum.

Afkoma ársins var jákvæð og nam 16.896.183 kr. sem er bæting um 72.932.000 kr. á milli ára en eigið fé var neikvætt sem nam 18.081.224. Alls söfnuðust 12.243.222 kr. í styrki á árinu, 2.808.000 kr. frá lögaðilum og 9.435.222 kr. frá einstaklingum, sem söfnuðust ýmist í gegnum bein framlög, í gegnum vefgátt flokksins á heimasíðu eða í samstarfi við Miðlun. Laun og launatengd gjöld á árinu nam 27.321.403 kr. og annar rekstrarkostnaður 48.358.932 kr.

Ársreikningur Viðreisnar fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Stjórn og framkvæmdastjóri Viðreisnar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. nóvember 2023

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Viðreisnar - stjórnmalasamtaka

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Viðreisnar fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2022, efnahag þeirra 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjármál stjórnmalasamtaka.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð samtökunum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samtakanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa samtökin upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi samtakanna.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 27. nóvember 2023

Advant endurskoðun ehf.

Rekstrarreikningur

		VIÐREISN Samstæða	
	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Fjárframlög úr ríkissjóði		64.894.076	59.396.590
Fjárframlög frá Alþingi		10.899.756	9.159.944
Fjárframlög sveitarfélaga		3.677.438	3.694.910
Fjárframlög lögaðila		2.808.000	10.750.000
Fjárframlög einstaklinga		9.435.222	8.331.106
Almenn félagsgjöld		1.538.159	649.093
Kaffisala og önnur sala		675.250	72.471
Rekstrartekjur samtals	3	<u>93.927.901</u>	<u>92.054.114</u>
Rekstrargjöld			
Aðalskrifstofa	4	39.749.191	57.919.433
Alþingiskosningar	5	690.664	84.034.547
Sveitastjórnarkosningar	6	29.584.632	0
Kjördæma- og undirfélög	7	217.467	422.305
Rekstur fasteigna	8	5.438.381	5.181.632
Rekstrargjöld samtals		<u>75.680.335</u>	<u>147.557.917</u>
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði		18.247.566	(55.503.803)
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur	9	84.075	38.834
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	10	(1.435.458)	(570.848)
Hreinar fjármunatekjur		<u>(1.351.383)</u>	<u>(532.014)</u>
Afkoma ársins		<u>16.896.183</u>	<u>(56.035.817)</u>

Efnahagsreikningur

		VIÐREISN Samstæða	
Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur	11	1.892.052	1.776.122
Handbært fé	12	4.236.582	3.418.165
Veltufjármunir samtals		<u>6.128.634</u>	<u>5.194.287</u>
Eignir samtals		<u>6.128.634</u>	<u>5.194.287</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap) 01.01.		(34.977.407)	21.058.410
Afkoma ársins		16.896.183	(56.035.817)
Eigið fé samtals	2.	<u>(18.081.224)</u>	<u>(34.977.407)</u>
Skammtímaskuldir			
Bankayfirdráttur	13	15.532.670	19.963.962
Viðskiptaskuldir	14	6.071.931	17.914.256
Aðrar skammtímaskuldir	16	1.659.140	1.176.330
Ógreidd vegna starfsfólks	15	946.117	1.117.146
Skammtímaskuldir samtals		<u>24.209.858</u>	<u>40.171.694</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>6.128.634</u>	<u>5.194.287</u>

Yfirlit um sjóðstreymi

	2022	2021
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins	16.896.183	(56.035.817)
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	<u>16.896.183</u>	<u>(56.035.817)</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(115.930)	(1.184.622)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(11.530.544)	15.592.412
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(11.646.474)	14.407.790
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	5.249.709	(41.628.027)
Fjármögnunarhreyfingar:		
Hækkun (lækkun) á skammtímaskuld við lánastofnanir	(4.431.292)	19.963.962
Fjármögnunarhreyfingar samtals	<u>(4.431.292)</u>	<u>19.963.962</u>
Breyting handbærs fjár á árinu	818.417	(21.664.065)
Handbært fé í ársbyrjun	3.418.165	25.082.230
Handbært fé í árslok	<u>4.236.582</u>	<u>3.418.165</u>

Skýringar með ársreikningi

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, settar reikningsskilareglur og lög um fjármál stjórnmalasamtaka nr. 162/2006. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Ársreikningurinn er samstæðuársreikningur Viðreisnar – stjórnmalasamtaka og þeirra aðildarfélaga sem höfðu tekjur yfir 550.000 viðmiðunarmörkum.

Skattamál

Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt teljast lögaðilar ekki greiða tekjuskatt, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum. Samtökin greiða því ekki tekjuskatt.

Aðildarfélög

Samkvæmt ákvæðum laga um fjármál stjórnmalasamtaka nr. 162/2006 ber að gera samstæðureikning flokksins og þeirra aðildarfélaga sem ná viðmiðunarmörkum laganna um tekjur yfir 550.000.

Eftirtalin aðildarfélög eru hluti af samstæðureikningi 2022 auk flokksskrifstofu:

Viðreisn – Reykjavík
Viðreisn – Kópavogur
Viðreisn – Mosfellsbær
Viðreisn – Hafnarfjörður
Viðreisn – Seltjarnarnes
Viðreisn – Garðabær
Viðreisn – Uppreisn

Eftirtalin aðildarfélög eru ekki meðtalin í samstæðureikningi þar sem umsvif þeirra voru undir viðmiðunarmörkum skv. lögum nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka:

Viðreisn - Akureyri
Viðreisn - Árnessýsla
Viðreisn - Reykjanesbær
Viðreisn - Rangárþing ytra

Eigið fé

2. Yfirlit um hreyfingar á eiginfjárreikningum:

2022	Óráðstafað eigið fé	Samtals
	(ójafnað tap)	
Eigið fé í byrjun árs	(34.977.407)	(34.977.407)
Afkoma ársins	16.896.183	16.896.183
Eigið fé í lok árs	(18.081.224)	(18.081.224)
2021	Óráðstafað eigið fé	Samtals
	(ójafnað tap)	
Eigið fé í byrjun árs	21.058.410	21.058.410
Afkoma ársins	(56.035.817)	(56.035.817)
Eigið fé í lok árs	(34.977.407)	(34.977.407)

Skýringar framhald

	VIÐREISN Samstæða	
	2022	2021
3 STYRKIR		
Fjárframlög úr ríkissjóði	64.894.076	54.896.590
Fjárframlög úr ríkissjóði, sérstakur fjárstyrkur	0	4.500.000
Styrkur frá Alþingi	9.377.921	7.447.310
Framlög frá Alþingi, launakostnaður	1.521.835	1.712.634
Fjárframlög Reykjavíkurborg	1.619.079	2.087.859
Fjárframlög frá Kópavogsbæ	754.628	862.924
Fjárframlög frá Hafnarfjarðarbæ	535.821	494.000
Fjárframlög frá Mosfellsbæ	244.773	173.760
Fjárframlög frá Seltjarnarnesbæ	0	76.367
Fjárframlög frá Garðabæ	523.137	0
Fjárframlög lögaðila	2.808.000	10.750.000
Fjárframlög einstaklinga	9.435.222	8.331.106
Almenn félagsgjöld	1.538.159	649.093
Kaffisala og önnur sala	675.250	72.471
	<u>93.927.901</u>	<u>92.054.114</u>
4 AÐALSKRIFSTOFA - LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD		
Laun	20.213.393	28.706.608
Tryggingagjald	1.462.227	2.002.143
Lífeyrissjóðsframlag	2.673.812	3.875.396
Sjúkra- og orlofssjóður	252.670	421.443
Endurhæfingarsjóður	20.213	28.710
Starfsmenntunarsjóður	51.265	99.049
Laun og tengd gjöld færð á kosningarstjórn	0	(6.453.530)
Launakostnaður greiddur af Alþingi	1.521.835	1.712.634
Kaffikostnaður	363.910	373.838
Árshátíð og fleira	604.353	603.914
Annar starfsmannakostnaður	157.725	240.000
	<u>27.321.403</u>	<u>31.610.205</u>

Skýringar framhald

		VIÐREISN Samstæða	
		2022	2021
4 frh.	Aðalskrifstofa - rekstur skrifstofu		
	Aðkeypt þjónusta	1.315.307	3.371.969
	Gjaldfærð áhöld og tæki	113.684	39.980
	Tækjaleiga	0	274.030
	Aðkeyptur akstur sendibifreiða	15.800	302.990
	Bensín og annar bifreiðakostnaður	9.706	113.490
	Sími og net	191.083	467.698
	Áskriftir tímarita og blaða	81.977	84.524
	Creditinfo kaup á gögnum	480.509	0
	Risna	119.200	9.590
	Félags- og aðildargjöld	391.766	954.913
	Fundir og ferðalög	0	63.662
	Pappír, prentun og ritföng	98.237	568.631
	Skrifstofuáhöld	0	419.532
	Rekstur tölvukerfis	1.553.437	2.807.448
	Annar skrifstofukostnaður	21.366	34.384
		4.392.072	9.512.841
	Aðalskrifstofa - stjórnun og umsýsla		
	Könnun, bókhald og reikningsskil	1.875.987	1.635.173
	Lögfræðikostnaður	0	47.537
	Ferðakostnaður	720.828	133.060
	Fundakostnaður	1.244.774	1.764.617
	Þingflokkur	362.728	33.290
	Landsþing	300.000	2.072.397
	Ráðstefnur	56.043	95.022
	Auglýsingar	2.887.234	10.288.738
	Gjafir og styrkir	168.463	204.042
	Þjónustugjöld og fit kostnaður	274.279	384.862
	Annar kostnaður	145.380	137.649
		8.035.716	16.796.387
	Aðalskrifstofa alls	39.749.191	57.919.433

Skýringar framhald

		VIÐREISN Samstæða	
		2022	2021
5	Alþingiskosningar		
	Kosningastjórn	0	14.560.340
	Fundir og ferðalög	676.594	2.608.505
	Kosningarskrifstofur	0	6.266.264
	Prentað efni	0	295.976
	Auglýsingar	14.070	60.303.462
		<u>690.664</u>	<u>84.034.547</u>
6	Sveitarstjórnarkosningar		
	Kosningastjórn	233.837	0
	Fundir og ferðalög	1.868.360	0
	Kosningarskrifstofur	1.909.389	0
	Prentað efni	581.443	0
	Auglýsingar	23.566.603	0
	Framlög til framboða	1.425.000	0
		<u>29.584.632</u>	<u>0</u>
7	Kjördæma og undirfélög		
	Uppreisn / ungliðar	217.467	422.305
		<u>217.467</u>	<u>422.305</u>
8	Rekstur fasteigna		
	Húsaleiga	5.353.136	4.719.140
	Merkingar ofl. vegna húsnæðis	0	115.409
	Rafmagn	85.245	92.722
	Þrif og hreinlætisvörur	0	254.361
		<u>5.438.381</u>	<u>5.181.632</u>
9	VAXTATEKJUR OG VERÐBÆTUR		
	Vaxtatekjur og verðbætur	84.075	38.834
		<u>84.075</u>	<u>38.834</u>
10	VAXTAGJÖLD		
	Vaxtagjöld og verðbætur	(8.256)	(375.224)
	Vaxtagjöld, þjónustu- og færslugjöld	(1.427.202)	(195.624)
		<u>(1.435.458)</u>	<u>(570.848)</u>

Skýringar framhald

	VIÐREISN Samstæða	
	2022	2021
11 SKAMMTÍMAKRÖFUR		
Óinnheimtir styrkir lögaðilar	600.086	649.999
Óinheimtir styrkir frá hinu opinbera	785.720	786.090
Aðrar skammtímakröfur	506.246	340.033
	<u>1.892.052</u>	<u>1.776.122</u>
12 HANDBÆRT FÉ		
Íslandsbanki þingflokkur 2538	2.509.286	0
Íslandsbanki þingflokkur	408.951	20.118
Íslandsbanki Vaxtarsproti	1.199.148	3.378.468
Landsbankinn 5546	9.029	0
Arionbanki 0370-26-029991	110.168	19.500
Íslandsbanki 0515 26 8237	0	25
Íslandsbanki 0515 26 8238	0	23
Íslandsbanki 0515 26 8239	0	31
	<u>4.236.582</u>	<u>3.418.165</u>
13 Bankayfirdráttur		
Íslandsbanki hlr. 332	15.532.670	19.963.962
	<u>15.532.670</u>	<u>19.963.962</u>
14 VIÐSKIPTASKULDIR		
Lánadrottinnar	4.782.331	16.624.656
Ógreiddir reikningar	1.289.600	1.289.600
	<u>6.071.931</u>	<u>17.914.256</u>
15 ÓGREITT VEGNA STARFSFÓLKIS		
Ógreiddur lífeyrissjóður	542.181	439.997
Ógreidd staðgreiðsla	403.936	677.149
	<u>946.117</u>	<u>1.117.146</u>
16 AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR		
Greiðslukort	38.898	53.267
Styrkir lögaðila til endursgreiðslu 2023 (2022)	35.000	110.000
Aðrar skuldir	1.585.242	1.013.063
	<u>1.659.140</u>	<u>1.176.330</u>

STYRKIR LÖGAÐILAR

Kennitala	Fyrirtæki	Upphæð
660269-3399	TM Tryggingar	450.000
410304-2360	Hofgarðar ehf.	400.000
510179-0219	Byggingafélagið Bakki ehf.	300.000
490807-0390	Th. Magnússon ehf	260.000
420800-2310	Eignarhaldsfélagið Sigtún ehf.	250.000
700908-0620	Frigus ehf.	200.000
540504-4660	Malbikstöðin ehf.	150.000
520418-0590	Bæjarmálafélag Garðabæjar	140.000
510685-0169	Íslenskt hugvit ehf.	100.000
681272-0979	VSÓ ráðgjöf ehf.	100.000
510101-2190	Gagnalausnir ehf	55.000
600104-4030	VGH-Mosfellsbæ ehf.	50.000
601098-3429	Quintet ehf.	50.000
450598-2409	Garðlist ehf.	50.000
541268-0149	Magna Lögmenn ehf.	50.000
460619-0410	Phoenix Seafood ehf.	42.000
590517-3050	Segic ehf.	30.000
571003-2870	GH Gretarsson ehf.	30.000
630410-0370	Pafi ehf	30.000
501215-1200	Nature of Iceland ehf.	27.000
450309-1090	Manifesto ehf	20.000
420983-0859	Umbi sf,kvikmyndafélag	14.000
611118-1040	RR ráðgjöf	10.000

SAMTALS STYRKIR FRÁ LÖGAÐILA 2.808.000

STYRKIR EINSTAKLINGAR

Kennitala	Einstaklingar	Upphæð
270658-6609	Jón Steindór Valdimarsson	481.500
291047-4679	Þorsteinn Pálsson	415.000
020969-5479	Theódóra S Þorsteinsdóttir	410.000
170846-3039	Bárður G Halldórsson	400.000
150549-4939	Þórður Magnússon	390.000
071265-5289	Þórdís Lóa Þórhallsdóttir	352.500
070469-3409	Sigmar Guðmundsson	350.000
221169-5739	Þorsteinn Víglundsson	320.000
	Einstaklingar undir 300 þús.	6.316.222
SAMTALS STYRKIR FRÁ EINSTAKLINGUM		9.435.222